



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 27 okt. 2021 – 8. apríl 2022

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Nú lítur loks út fyrir að heimsfaraldurinn sé í rénum þannig að ferðalög fólks geti orðið með eðlilegum hætti. Hefðbundnar ferðasýningar eru að komast á dagskrá, sem og vinnustofur erlendis. MN og Flugklasinn hafa lagt áherslu á að taka þátt í sem flestum af þessum viðburðum til að tryggja að Norðurland sé áberandi og ofarlega í huga fólks þegar ferðlög fara aftur á fulla ferð. Undanfarna mánuði hefur Flugklasinn átt fulltrúa á eftirfarandi sýningum/vinnustofum:

- World Travel Market (WTM) í London í nóvember
- Vinnustofur í Belgíu og í Hollandi í nóvember
- Rafræn vinnustofa á Ítalíu í nóvember
- 5 landa sýning í London í byrjun febrúar
- Rafræna ferðasýningin NordEuropa í febrúar
- Mannmót í mars

Almennt hafa fengist góð viðbrögð frá ferðaskrifstofum á þessum viðburðum. Áhuginn á Íslandi virðist vera til staðar sem aldrei fyrr og sífellt fleiri aðilar hafa áhuga á Norðurlandi sem áfangastað. Vonir standa til að hægt verði að virkja þennan áhuga til þess að styðja undir aukið millilandaflug beint til Akureyrar.

Þónokkuð hefur verið um heimsóknir blaðamanna og útlit fyrir að þær muni áfram aukast á næstu mánuðum. Í vetur hefur Flugklasinn komið að eftirfarandi heimsóknum blaðamanna:

- Í nóvember kom hópur blaðamanna frá Bandaríkjunum - samstarf við Íslandsstofu.
- Gordon Smith kom í desember og skrifaði um flugvöllina á AEY og EGS (Norðaustur verkefnið)
- Í mars stóð Voigt Travel fyrir blaðamannaferð frá Hollandi í tengslum við þeirra flugferðir.
- 2 franskir blaðamenn komu í lok mars til að skrifa um flugvöllina á AEY og EGS (Norðaustur verkefnið)
- 2 blaðamenn til viðbótar komu í byrjun apríl til að skrifa um flugvöllina á AEY og EGS, þar á meðal Kurt Hofmann sem er einn virtasti blaðamaður Evrópu þegar kemur að flugi (Norðaustur verkefnið)
- Í síðustu viku var sænskur blaðamaður ásamt ljósmyndara á ferð um Norðurland
- Fram undan er blaðamannaferð frá Þýskalandi í samstarfi við Íslandsstofu í lok apríl



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Efnisframleiðsla var haldið áfram á tímabilinu. Aðaláherslan síðustu mánuði hefur verið á að taka vetrarmyndir sem tengjast afþreyingu, en vöntun var á slíku efni. Bæst þessar myndir í sífellt stækkandi myndabanka.

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Flugklasinn hefur haldið góðu sambandi við Voigt Travel síðustu mánuði. Vetraráætlun þeirra gekk vel og allar 10 flugferðir þeirra í febrúar og mars gengu samkvæmt áætlun. Reyndar setti Covid enn og aftur strík í reikninginn, þar sem útgöngubann var í gildi í Hollandi í byrjun árs, sem þýddi að töluvert að þeim ferðum sem höfðu verið seldar út frá Akureyri voru afbókaðar. Heilt yfir gekk þetta þó vel og sumaráætlun Voigt Travel mun hefjast 6. júní, en flogið verður vikulega frá Rotterdam fram í byrjun september. Sem fyrr getur heimafólk nýtt sér þessar flugferðir og annast Ferðaskrifstofa Akureyrar sölu á flugmiðum og ferðapökkum héðan.

Flugklasinn hélt áfram samstarfi við ráðgjafann Wietse Dijkstra, en hann var fenginn til þess að greina og kortleggja markaði í Evrópu og finna ferðaskrifstofur sem væru áhugasamar um beint flug til Akureyrar. Tvær ferðaskrifstofur hafa sýnt verulegan áhuga á að standa fyrir leiguflugi til Akureyrar innan fárra ára og mun Flugklasinn halda viðræðum áfram við þessar skrifstofur og vonandi ná samningum í framhaldinu.

Norðaustur verkefnið, áður nefnt Fluggátta verkefnið (e. Nature Direct), sem er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum, er í fullum gangi. Hlynur Atli Sigurðsson, ráðgjafi og starfsmaður verkefnisins, hefur síðan í fyrra unnið markvisst að því að finna flugfélög til þess að hefja beint millilandaflug til Akureyrar. Viðræður eru í gangi við nokkur erlend flugfélög sem hafa sýnt raunverulegan áhuga. Vonir eru bundnar við að aukinn áhugi ferðaskrifstofa á Norðurlandi geti hjálpað til við að fá einhver flugfélög til að setja upp áætlunarflug til Akureyrar á næstu árum.

Stærsta fréttin síðustu mánuði er þó án efa tilkoma Niceair - hins norðlenska flugfélags sem hyggur á reglubundið áætlunarflug frá Akureyri til London, Kaupmannahafnar og Tenerife frá júní byrjun. Flugfélagið var stofnað snemma árs og hóf sölu á flugmiðum í mars. Undirtektir heimamanna hafa verið góðar og nú þegar búið að selja talsvert af flugsætum í sumar. Það er mikið gleðiefni, því nýting heimamanna á þessum flugferðum er ein af stoðunum sem þarf til að byggja undir svona verkefni.

Tilkoma Niceair mun hafa gríðarleg jákvæð áhrif á ferðapjónustu á Norðurlandi þar sem nú eru að opnast margar nýjar leiðir inn til Akureyrar. Það mun gjörbreyta möguleikum ferðafólks á aðgengi að Norðurlandi og skapa þannig ný og miklu betri skilyrði fyrir ferðapjónustu til að vaxa og þróast. Í stuttu máli sagt, þá



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

breytir þetta öllu. Flugklasinn hefur nú þegar hafið að kynna Niceair til erlendra ferðaskrifstofa og mun á næstu mánuðum vinna með Niceair eins og Flugklasinn hefur áður gert með Super Break og Voigt Travel. Það samstarf felur m.a. í sér almenna kynningu til ferðaskrifstofa, samstarf um móttöku blaðamanna og fulltrúa ferðaskrifstofa, auk annarra verkefna.

Innra starf

Uppbyggingin á Akureyrarflugvelli er nokkurn veginn á áætlun. Búið er að gera samninga við verktaka um að reisa viðbygginguna við flugstöðina, en reyndar eru einhverjar blikur á lofti varðandi aðföng fyrir bygginguna nú á stríðstímum. Vonandi leysist það þannig að ekki komi til tafa vegna þess. Einnig er nokkurn veginn búið að ganga frá neðra burðarlagi flughlaðsins og áformað að bjóða út efra burðarlag, frágang og malbikun fljótlega. Áætlanir gera ráð fyrir að bæði flugstöðin og flughlaðið verði tilbúið haustið 2023.

Þessar framkvæmdir eru mikið fagnaðarefni, en löngu tímabærar og koma vonum seinna. Það blasir við að aðstaðan í flugstöðinni næsta árið, þar til viðbyggingin er tilbúin, muni ekki ná að anna þeirri umferð sem er fyrirsjáanleg með tilkomu flugferða Niceair. Strax í byrjun júní munu bæði Niceair og Transavia (fyrir Voigt Travel) vera með flug um Akureyrarflugvöll á mánudagsmorgnum. Niceair hefur þess vegna farið þess á leit að bætt verði við bráðabirgða húsnæði við suðurenda núverandi flugstöðvar til þess að betur verði hægt að anna umferðinni næsta árið. Málið er til skoðunar hjá Innviðaráðuneytinu og vonir standa til að úr leysist sem fyrst.

Flugklasinn hefur lengi barist fyrir niðurgreiðslum á verði á flugvélaeldsneyti á Akureyri og Egilsstöðum (til jafns við Keflavíkflugvöll), svo þessi flugvellir geti verið samkeppnisfærir í því að laða til sín meira millilandaflug. Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð margra ráðamanna hefur enn ekkert þokast í þessu máli. Flugklasinn mun enn og aftur halda þessu máli á lofti í þeirri von að á því verði tekið.

Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru framundan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Vinna með Niceair mun verða fyrirferðarmikil næstu mánuðina, enda mikilvægt að koma skilaboðunum um aukið aðgengi að Norðurlandi sem víðast. Vinnan með Voigt Travel heldur einnig áfram, enda eindreginn vilji þeirra að halda áfram flugi til Akureyrar.



Jafnframt mun Flugklasinn vinna áfram náið með ráðgjafa Nature Direct verkefnisins við að ná eyrum flugfélaga og kynna Akureyrarflugvöll sem spennandi valkost. Þeim samtölum og viðræðum sem þegar eru hafnar verður fylgt eftir og möguleikar kannaðir á því að para saman flugfélög og ferðaskrifstofur til þess að koma á auknu flugi.

Flugklasinn mun fylgjast með framgangi mála varðandi stækkun flugstöðvar og flughlaðs á Akureyrarflugvelli og veita aðhald þar, ásamt því að halda áfram að þrýsta á stjórnvöld til þess að koma á jöfnun/niðurgreiðslum vegna hærra verðs á flugvélaeldsneyti á Akureyri en í KEF og RVK.

Að lokum er rétt að nefna að Flugklasinn og MN munu standa fyrir ráðstefnu um flugmál á Akureyri þann 26. apríl n.k. Þar verður rætt um mikilvægi millilandaflugs beint til Akureyrar, hver staðan er í dag og hvað er fjirsjáanlegt í náinni framtíð. Flugklasinn hvetur alla áhugasama um að mæta og taka þátt í umræðum um þetta mikilvæga málefni.

Akureyri, 8. apríl 2022

Hjalti Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N